

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Borgarfjörður, 4. febrúar 2026

Efni: Sameining Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Stjórn til undirbúnings sameiningar Borgarbyggðar og Skorradalshrepps hélt sinn fyrsta fund 19. desember 2025 og hefur unnið að undirbúningi fyrir sameiningu sveitarfélaganna frá þeim tíma. Undirbúningsstjórn hefur að leiðarljósi að innleiðing sameiningarinnar gangi vel fyrir sig og að starfsfólk og íbúar séu sem best undirbúnir fyrir þær breytingar er fram undan eru.

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu verkefni undirbúningsstjórnarinnar og stöðu þeirra til staðfestingar á því að sameiningin sé vel undirbúin og að sameiningin geti gengið hnökralaust fyrir sig.

A. Samþykkt um stjórn og fundarsköp fyrir Sameinað sveitarfélag Borgarbyggðar og Skorradalshrepps.

Undirbúningsstjórn hefur farið yfir samþykkt um stjórn Borgarbyggðar nr. 1213/2022 og telur ekki tilefni til ritunar sérstakrar bráðabirgðasamþykktar fyrir sameinað sveitarfélag. Undirbúningsstjórn hefur því ákveðið að samþykkt um stjórn Borgarbyggðar skuli gilda fyrir hið sameinaða sveitarfélag þar til því hefur verið sett ný samþykkt sbr. 2. mgr. 122. gr. sveitarstjórnarlaga. Samþykktin fylgir bréfi þessu sem fylgiskjal (sjá fylgiskjal 1).

B. Ákvarðanir um fjárhagsmálefni nýs sveitarfélags.

Stjórnsýsla Skorradalshrepps er lítil að umfangi og oddviti hreppsnefndar er eini starfsmaður sveitarfélagsins. Stjórnsýsla Borgarbyggðar er umfangsmeiri og mönnun hennar miðast við að þjónusta íbúa beggja sveitarfélaga, enda hafa sveitarfélögin haft með sér þjónustusamning þar sem kveðið er á um að Borgarbyggð veiti íbúum Skorradalshrepps þjónustu á flestum sviðum.

Undirbúningsstjórn hefur ákveðið að nýtt sveitarfélag muni starfa á núverandi kennitölu Borgarbyggðar og telur að aðrar leiðir fælu í sér meiri vinnu við sameiningu fjárhags, endurnýjun samninga, uppfærslu samþykta, yfirfærslu eigna, skjalaskil o.þ.h.

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna verða sameinaðar og lesnar inn í fjárhagskerfi Borgarbyggðar sem áætlun sameinaðs sveitarfélags fyrir gildistöku sameiningar.

Staða í bókhaldi í Skorradalshreppi verður stemmd af og staða á fjárhagslyklum lesin inn í fjárhagskerfið þegar sameiningin tekur gildi, með það að markmiði að staða og fjárheimildir verði aðgengilegar í fjárhagskerfi sameinaðs sveitarfélags við sameininguna. Gerður verður sameiginlegur ársreikningur fyrir sveitarfélögin fyrir árið 2026.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs Borgarbyggðar leiðir vinnu við samræmingu fjárhags sveitarfélaganna og nýtur ráðgjafar og aðstoðar KPMG við vinnuna.

C. Yfirlit yfir samþykktir, reglur og gjaldskrár.

Tekið hefur verið saman yfirlit yfir samþykktir, reglur og gjaldskrár sem gilda í Skorradalshreppi og Borgarbyggð (sjá fylgisköl 2 og 3). Gert er ráð fyrir að þær samþykktir, reglur og gjaldskrár sem sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt um þjónustu sem veitt er íbúum beggja sveitarfélaga á grundvelli þjónustusamnings gildi þar til sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags ákveður annað.

Vinna við samanburð, endurskoðun og tillögur að samræmingu annarra reglna og gjaldskráa er hafin. Gert er ráð fyrir undirbúningsstjórn geri tillögur að breytingum á samþykktum, reglugerðum og

gjaldskrár fyrir hið nýja sveitarfélag þar sem það á við, sem ný sveitarstjórn geti tekið til umræðu innan þriggja mánaða frá gildistöku sameiningar.

D. Tillaga um fyrirkomulag gildistöku sameiningar.

Undirbúningsstjórn leggur til að sveitarstjórnarkosningar í sameinuðu sveitarfélagi fari fram þann 16. maí næstkomandi, sem er dagsetning almennra sveitarstjórnarkosninga skv. 24. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og að sameining sveitarfélaganna taki gildi 15 dögum síðar, þann 31. maí 2026. Jafnframt leggur undirbúningsstjórn til að kosin verði 9 manna sveitarstjórn, eins og gert er ráð fyrir í samþykkt um stjórn Borgarbyggðar nr. 1213/2022.

Undirbúningsstjórn hefur lagt til við sveitarstjórnir sveitarfélaganna að kjörin verði sameiginleg yfirkjörstjórn vegna sveitarstjórnarkosninganna og að kosið verði í fimm kjördeildum:

- A. Borgarneskjördeild fyrir íbúa á svæðinu milli Hítarár og Gljúfurár, íbúa Hvanneyrar og Andakíls.
- B. Þinghamarskjördeild fyrir íbúa í Stafholtstungum, Norðurárdal, Bifröst og Þverárhlið.
- C. Lindartungukjördeild fyrir íbúa á svæðinu milli Hítarár og Haffjarðarár.
- D. Kleppjárnsreykjakjördeild fyrir íbúa Bæjarsveitar, Lundarreykjadals, Flókadals, Reykholtisdals, Hvítársíðu og Hálsasveitar.
- E. Skorradalskjördeild fyrir íbúa Skorradals.

Undirbúningsstjórn hefur jafnframt lagt til við sveitarstjórnirnar að kjörstjórn Skorradalshrepps verði falið hlutverk undirkjörstjórnar í Skorradalskjördeild og að umboð undirkjörstjórna í Borgarbyggð til að starfa að sveitarstjórnarkosningum í hlutaðeigandi kjördeildum verði staðfest. [Tillagan hefur verið samþykkt í sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaga og yfirkjörstjórn þegar hafið undirbúning kosninga].

E. Upplýsingagjöf og samráð.

Undirbúningsstjórn leggur áherslu á að íbúar, starfsmenn og sveitarstjórnir sveitarfélaganna séu upplýst um framvindu verkefnisins. Upplýsingar um framvinduna verða birtar á upplýsingasíðu verkefnisins, borgfirdingar.is og starfsmenn upplýstir á starfsmannafundum. Fundargerðir undirbúningsstjórnar verða kynntar sveitarstjórnunum og birtar á upplýsingasíðunni.

Undirbúningsstjórn telur ofangreindar ráðstafanir tryggja með fullnægjandi hætti að sameining Borgarbyggðar og Skorradalshrepps muni ganga hnökralaust fyrir sig og fer þess hér með á leit að innviðaráðuneytið staðfesti sameiningu sveitarfélaganna með vísan til 2. mgr. 122. gr. sveitarstjórnarlaga.

Virðingarfyllt

f.h. undirbúningsstjórnar

Guðveig Eyglóardóttir, formaður

Fylgiskjöl:

1. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Borgarbyggðar
2. Yfirlit yfir samþykktir Borgarbyggðar og Skorradalshrepps
3. Yfirlit yfir gjaldskrár Borgarbyggðar og Skorradalshrepps